

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Stekkjargrund, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 14. nóvember 2024 nýtt deiliskipulag fyrir Stekkjargrund, L202104. Deiliskipulagið tekur til sjö byggingarreita: Á B1 verður heimilt að reisa allt að 400 m² íbúðarhús, á byggingarreitum B2-B4 verður heimilt að byggja allt að 50 m² gestahús, á B5 verður heimilt að byggja 400 m² áhaldageymslu, B6 er ætlaður fyrir 1.000 m² reiðskemmu og B7 fyrir 200 m² gróðurhús. Hámarkshæð mannvirkja er 8,5 m frá jörðu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið hefur þegar öðlast gildi.

Þórólfsfell, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. mars 2025 nýtt deiliskipulag fyrir Þórólfsfell í Fljótshlíð, L164006. Deiliskipulagið tekur til 10 ha svæðis, heimilt verður að byggja við núverandi fjallaskála, allt að 120 m² ásamt 45 m² skálavarðar- eða geymsluhúsnæði. Hámarksmanishæð er 6,0 m miðað við gólfkóta. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Brú, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. desember 2024 nýtt deiliskipulag fyrir Brú við Auraveg, L163848. Deiliskipulagið tekur til þriggja svæða. Hótelreits sem gerir ráð fyrir 2.500 m² hótélbyggingu og hámarkshæð er 6,0 m. Fristundasvæðis þar sem eru heimilaðar 35 lóðir þar sem heimilt er að byggja allt að 300 m² á hverja lóð. Við býlið er ekki frekari uppbygging heimiluð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ormsvöllur og Dufþaksbraut, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 15. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ormsvöll og Dufþaksbraut á Hvolsvelli. Með deiliskipulaginu verður heimilt að byggja allt að 6,5 m háar byggingar, hesthúsin við Dufþaksbraut eru víkjandi og stærðum lóða er breytt. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 6. júní 2025.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 12. júní 2025